

RÍKISSTJÓRABRÉF

28

26. maí

um að Alþingi skuli koma saman til framhaldsfunda laugardaginn 10. júní 1944.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Að ég hef ákveðið, að Alþingi skuli koma saman til framhaldsfunda laugardaginn 10. júní 1944, kl. 13.30.

Ritað í Reykjavík, 26. maí 1944.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Björn Þórðarson.

BRÁÐABIRGÐALÖG

29

31. maí

um heimild fyrir þjóðhátíðarnefnd lýðveldisstofnunar á Íslandi til að taka í sínar hendur umráð yfir bifreiðum 16.—18. júní 1944.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Dómsmálaráðherra hefur tjáð mér, að til þess að greiða fyrir fólksflutningum þjóðhátíðardagana 1944, telji hann nauðsynlegt að þjóðhátíðarnefnd lýðveldisstofnunar á Íslandi verði gefin heimild til að taka bifreiðar til sinna umráða dagana 16.—18. júní 1944 og ákveða hámarksverð á fargjöldum með bifreiðum og greiðslu til bifreiðaeigenda.

Með því að ég tel það brýna nauðsyn, að þjóðhátíðarnefnd lýðveldisstofnunar á Íslandi sé veitt ofanefnd heimild, gef ég út bráðabirgðalög samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar á þessa leið:

1. gr.

Þjóðhátíðarnefnd lýðveldisstofnunar á Íslandi er heimilt að taka í sínar hendur umráð yfir:

- I. a. leigubifreiðum, skrásettum á bifreiðastöðvum,
 - b. 10—37 farþega fólksflutningabifreiðum,
 - c. vörubifreiðum, sem að álitni nefndarinnar eða fulltrúa hennar eru hæfar til fólksflutninga.
 - II. Að ákveða hámarksverð á fargjöldum með bifreiðum og greiðslu til bifreiðaeigenda, að fengnum tillögum Viðskiptaráðs.
- Ákvæði þessi gilda dagana 16.—18. júní 1944.

2. gr.

Umráðamenn bifreiða þeirra, er um getur í 1. gr., er skylt að gefa sig fram til skrásetningar samkvæmt auglýsingu þar um.

3. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum frá 1000—50000 kr.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 31. maí 1944.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Einar Arnórsson.